


✉ Re: Hafravatnsvegur (431-01)- beiðni um umsögn

Búið til	14.6.2021 09:31:27
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	14.6.2021 09:31:26
Tilheyrir	 202105-0051 - Hafravatnsvegur, Mosfellsbær

Efni

Re: Hafravatnsvegur (431-01)- beiðni um umsögn
--

Upplýsingar

Sent	14.6.2021 09:31:26	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Tinna.Jonsdottir@skipulag.is

Innihald

<p>Góðan daginn,</p> <p>Tilvísun í mál nr. 202105-0051 (SS).</p> <p>Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun dags. 31. maí 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldu framkvæmdar við lagfæringar á Hafravatnsvegi.</p> <p>Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn frá Vegagerðinni og telur að framkvæmdin þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Um lagfæringu á núverandi vegstæði er að ræða, engin ný veglagning fer fram. Hætta á raski og neikvæðum áhrifum á lífríki, jarðminjar eða landslag er afar lítil.</p> <p>Mælst er til þess að hugað sé sérstaklega að umgengni og að forðast óþarfa rask nálægt bakka Hafravatns og Seljadalsár og við framkvæmd ræsa. Gæta þarf vel að mengunarvörnum á framkvæmdatíma.</p> <p>Virðingarfyllst,</p> <p>Snorri Sigurðsson</p> <p>Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection</p> <p>.....</p> <p>Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær. Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (http://www.ni.is/)</p>



From: "Tinna Jónsdóttir - SLS" <Tinna.Jonsdottir@skipulag.is>
To: "Mosfellsbær" <mos@mos.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis" <eftirlit@eftirlit.is>
CC:
Subject: Hafravatnsvegur (431-01)- beiðni um umsögn
Date: 31.5.2021 09:26:15

Góðan dag,

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Meðfylgjandi er tilkynning um fyrirhugaða veglög auk fylgigagna.

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að **gögn málsins eru einvörðungu send út rafrænt**, að umsagnarbeiðninni undanskilinni.

Umsagnarfrestur er til 15. júní 2021 og óskast umsögnin einnig send á tölvupóstföngin skipulag@skipulag.is (mailto:skipulag@skipulag.is) og tinna.jonsdottir@skipulag.is (mailto:tinna.jonsdottir@skipulag.is)

Með kveðju,/Kind regards,

Tinna Jónsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

Tinna.Jonsdottir@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.png (5 KB)